

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *56. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 20. júní. 2013, kl 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps.
3. Öryggismyndavélakerfi í Íþróttamiðstöð.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að lið þrjú yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps.

Til seinni umræðu er tekin tillaga um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að afla henni staðfestingar. Að því loknu verður hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu sveitarfélagsins.

3. Öryggismyndavélakerfi í Íþróttamiðstöð.

Fyrir fundinum liggur tilboð í öryggismyndavélakerfi í Íþróttamiðstöð. Núverandi kerfi uppfyllir ekki ströngustu skilyrði sem til slíkra kerfa eru gerð. Nýju kerfi er ætlað að auka öryggi gesta Íþróttamiðstöðvarinnar og er ein grundvallarforsenda þess að undanþága fæst frá reglugerð nr. 773/2012, um fjölda starfsmanna við laugargæslu.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tilboð og felur forstöðumanni
Íþróttamiðstöðvar málsmeðferð.

Fleira ekki gert.
Fundí slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik K. Jakobsson.